

*Alþingi
Erindi nr. P 127/1645
komudagur 5.4.2002*

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 2002.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum. 127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 119 —119. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur það áður verið flutt á fimm þingum. Laganefnd hefur fjallað um málið á fundum sínum og orðið sammála um eftirfarandi umsögn.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 26. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, að sérstaklega verði tiltekið, að nefnd geti “að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þing ið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mik ilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.” Jafnframt geti nefnd efnt til sérstakra rannsókna, sem fari fram fyrir opnum tjöldum, nema nefnd ákveði annað. Nefnd skuli gefa þinginu skýrslu um niðurstöðu rannsókna.

Frumvarpið varðar í reynd stjórnmáladeilur, sem á síðustu áratugum hafa iðulega komið upp á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, hvernig svo sem sú skipting hefur verið á hverjum tíma, það er að stjórnarandstaða heldur því fram, að Alþingi sé orðið að afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdavaldið án sjálfstæðs vilja. Til þeirra stjórn-máladeilna tekur laganefnd ekki afstöðu.

Grundvallareinkenni íslenskrar stjórnskipunar koma fram í 2. gr. stjórnarskrá lýðveldisins, það er: “Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.” Ákvæði 1. gr. stjórnarskrár um, að á Íslandi sé lýðveldi með þingbundinni stjórn hafa ávallt verið skilin svo, að á Íslandi sé þingræði, það er ríkisstjórn, höfuð framkvæmdavaldsins, geti ekki setið nema Alþingi uni því. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku, t.d., er ekki þingræði, ríkisstjórn situr óháð vilja þingsins. Þar í landi hafa þingnefndir mikið rannsóknarvald, bæði til eftirlits með framkvæmdavaldu og undirbúnings þingmála.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á 39. gr. stjórnarskrárinna um að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mál, sem varða almenning miklu, en sú heimild hafi litt verið notuð. Þess er og að gæta, að í 26. gr. þingskaparlaga er nú þegar heimild fyrir nefndir að rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar og gefa þinginu um það skýrslu. Efnisgrein frumvarpsins er í reynd nánari útfærsla á lagaheimild sem þegar liggur fyrir. Samkvæmt þeim hugmyndum um rannsóknaverkefni þingnefnda, sem fram koma í greinargerðinni, virðist sem þar sé ýmist um að tefla þætti, sem

Alþingi hefur þegar á valdi sínu, kjósi það að beita því, verkefni, sem ganga nærri meginreglu 2. gr. stjórnarskrár um þrígreiningu ríkisvaldsins og loks frekari útfærslu á valdheimildum sem þingnefndir þegar hafa.

Með þessum athugasemdum tekur laganefnd Lögmannafélags Íslands það fram, að það taki ekki frekari afstöðu til þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður